

1972 Nr. 2

25. febrúar

Umbúðir

Saltsíldarumbúðir
(áður fjölrítað 1969)

Árið 1968 gerði Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins tilraunir með söltun síldar í ýmis konar plast- og málmumbúðir.

Haft var samband við allmörg erlend fyrirtæki og rætt við forráðamenn nokkurra þeirra. Ekkert þeirra fyrirtækja, er haft var samband við, framleiddi umbúðir, sem sérstaklega voru gerðar til að salta í síld og fengin var reynsla á.

Rannsóknastofnunin keypti sýnishorn af nokkrum tegundum umbúða til frekari athugunar. Stærð þeirra var frá 35-200 lítrar. Saltað var í hluta umbúðanna um borð í síldveiðiskipi og jafnframt var saltað í nokkrar trétunnur til samanburðar. Síldin var síðan flutt til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og var þar fylgzt með verkun hennar.

Efnagreiningar og gerlatalning leiddu ekki í ljós, að síldin úr málm- og plastumbúðum væri frábrugðin síld, er verkuð var í trétunnum, en þrátt fyrir það fannst munur þar á með skynmati. Óeðlileg lykt var af allri síldinni, sem ekki var söltuð í trétunnur. Lykt þessi minnkaði hins vegar og fannst varla eftir langa geymslu (3-4 mánuði). Síðastliðið haust var ennfremur saltað í nokkrar plasttunnur og var þar um sömu niðurstöðu að ræða hvað verkun snerti. Einungis var þá fylgzt með síldinni þar til hún hafði verkast, svo að ekki reyndi á hvort síldin úr plasttunnum yrði svipuð síld úr trétunnum við lengri geymslu.

Þá voru tunnurnar fylltar með vatni og athugað hvernig þær þyldu stöflun og meðferð.

Sumar gerðir var ekki hægt að leggja á hliðina, þótt ekki væri um neina stöflun að ræða, þar eð þær aflöguðust undan eigin þunga og láku með loki eða sponsgati.

Aðrar gerðir var hægt að leggja á hliðina, en engar af þessum tunnum þoldu stöflun á þann hátt. Síðan hafa komið á markað tunnur með sérstökum styrktargjörðum.

Þá var reynt að stafla tunnunum upp á endann og var unnt að stafla nokkrum gerðum þeirra (60 lítra tunnur) í þrjár hæðir og láta lokin snúa upp eða niður að vild.

Málmumbúðirnar þoldu illa hnjask sem óhjákvæmilega á sér stað við söltun. Þeim hætti til að bögglast og verða óþéttar og ennfremur vildi málningin hrökkva eða rispast af þeim, svo að umbúðirnar ryðguðu.

Plasttunnur þoldu hins vegar vel léttari högg og hnjask. Verð á 120 lítra trétunnur var kr. 278.10 eða kr. 2.31 pr. lítra frá skemmum Síldarútvegsnefndar árið 1968. Verð á plastumbúðum, sem keyptar voru, var frá ca. kr. 3.00 - 4,50 pr. lítra fob Vestur-Evrópuhafnir.

Helztu kostirnir við plasttunnur væru, að ekki þarf að þétta þær með vatni fyrir söltun, en það er illfrákvæmanlegt um borð í veiðiskipum. Ennfremur mætti salta oftar en einu sinni í þær, og þær eru hreinlegri.

Könnun þessi beindist eingöngu að umbúðum til að salta í síld, en ekki að smærri umbúðum til dreifingar á verkaðri síld. Þrátt fyrir það kom fram, að ýmis þeirra fyrirtækja, er haft var samband við, höfðu smærri umbúðir á boðstólum, sem líklega kæmu til greina til dreifingar á verkaðri síld.

Jóhann Guðmundsson